



# Barnaheill

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 10. mars 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (barnaníðsefni, hatursorðræða, mismunun o.fl.), þingskjal 1189, 710. mál. (151. löggjafing)

Virðingarfyllt,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

## Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (barnaníðsefni, hatursorðræða, mismunun o.fl.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boð um að senda inn athugasemdir við ofangreint mál.

Barnaheill hafa frá árinu 2001 rekið Ábendingalínu (<https://www.barnaheill.is/is/abendingalina>) um ólöglegt og óviðeigandi efni á neti sem varðar börn og eru þátttakendur í regnhlífasamtökum ábendingalína um heim allan, INHOPE, sem allar vinna gegn útbreiðslu kynferðisofbeldis gegn börnum á neti.

Málefni þessa frumvarps stendur samtökunum því afar nærri og styðja Barnaheill heils hugar við tillögurnar um að hækka refsiramma vegna brota 210. gr. a almennra hegningarlaga, til samræmis við alvarleika þeirra brota sem þar um ræðir, barnaníð eða kynferðisofbeldi gegn börnum sem sett er á netið.

Samtökin eru ásátt við að kveðið verði á um að brot gegn ákvæðinu varði allt að 6 ára fangelsi, ef brot telst stórfelld, en vilja þó benda á að fram hafa komið brot sem geta varðað við 202. gr. eða 194. gr. hgl., þ.e. sbr. 22. gr. sömu laga. Þannig eru til mál þar sem einstaklingar panta kynferðisofbeldi gegn barni á neti í beinu streymi, gegn greiðslu. Því er réttast að miða við að ef að slíkt mál koma inn á borð lögreglu hér á landi að þá verði ákært fyrir þau á grundvelli fyrrgreindra ákvæða, þ.e. sem hlutdeild í nauðgun á barni.

Barnaheill telja eftirspurn eftir barnaníðsefni stuðla að því að börn séu beitt kynferðisofbeldi. Því er ábyrgð þess sem sækist eftir að fá sent barnaníðsefni til sín eða leitar að því á netinu, mikil og alvarleg og í raun hlutdeild í því að brotið er kynferðislega gegn barni, þó barnið kunni að vera í fjarlægju landi. Sá sem tekur þátt í og viðheldur dreifingu á barnaníðsefni á netinu er í raun að kalla eftir því að nýtt barn verði beitt kynferðisofbeldi og ber því ríka ábyrgð gagnvart því barni. Sá eða sú sem greiðir fyrir aðgang að slíku efni fremur enn alvarlegra brot eins og áður var nefnt, og sýnir slíkan ásetning að meta ætti slíkt til enn þyngri refsingar. Framleiðsla á barnaníðsefni er oft skipulögð brotastarfsemi og rekin í hagnaðarskyni. Oft eru börn beitt mansali og gerð út sem kynlífsprælar og nýtt í ágóðaskyni með því að myndefni af þeim er dreift á netið. Þannig geta þau þurft að upplifa síendurtekið brot við það að brotin gegn þeim lifa áfram á netinu. Vinna þarf skipulega gegn því að brot sem þessi séu umborin á Íslandi, þ.e. að frá Íslandi sé eftirspurn eftir barnaníðsefni, og gera þarf lögreglu og ákærvaldi kleift að rannsaka hugsanleg brot í fyrirbyggjandi tilgangi, þ.e. með forvirkum aðgerðum og koma í veg fyrir frekari dreifingu myndefnis sem sýnir kynferðisbrot gegn börnum.

Samtökin telja aðrar tillögur til breytinga á ákvæðinu til bóta og vilja sérstaklega minnst á þá breytingu að börnum á aldrinum 15-17 ára verði ekki gerð refsing fyrir að senda kynferðislega mynd af sér til annars þar sem samþykki beggja liggur fyrir. Barnaheill áréttu þó að þegar mynd er deilt áfram til þriðja aðila þá er að öllum líkindum um brot gegn ákvæðinu að ræða því tæpast myndi liggja samþykki fyrir því. Barnaheill hafa undanfarið vakið athygli samfélagsins á alvarleika þess að deila ekki áfram

myndum sem börn og fullorðnir fá sendar og sýna börn á kynferðislegan hátt því slíkt sé brot gegn barninu, heldur tilkynna um það til Ábendingalínu Barnaheilla.

Það hefur skelfilegar afleiðingar fyrir öll börn að vera beitt kynferðislegu ofbeldi og hvert einasta barn skiptir máli og hefur rétt til verndar gegn slíku og öðru ofbeldi.

Barnaheill fagna því að fram er komin tillaga að því að leiðrétta refsiramma þann sem nú er tilgreindur í 210. gr. a. hgl. Samtökin fagna því jafnframt að nú loks er að breiðast út samfélagsleg meðvitund um alvarleika og tilveru þeirra brota sem hér um ræðir og hvetja til þess að frumvarpið verði að lögum.

Enn fremur er tilefni til að fagna því sérstaklega af þessu tilefni að fyrirhugaðar eru aðgerðir og úrbætur í meðferð og rannsókn stafræns kynferðisofbeldis gegn börnum hjá lögreglu sem leiddar verða af Ríkislögreglustjóra. Barnaheill lýsa yfir vilja til ríkulegs samstarfs áfram við þróun vinnu gegn útbreiðslu kynferðislegs myndefnis af börnum á neti ásamt því að vera tilbúin til að veita fræðslu um forvarnir gegn kynferðisofbeldi gegn börnum sem og leiðir til að bregðast við því, og um upplýsingar um störf Ábendingalínu Barnaheilla og SAFT.

Að þessu sögðu eru samtökin sammála þeim lagabreytingatillögum sem í frumvarpsdrögunum koma fram og styðja þær heils hugar.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja sérstaka áherslu á vernd barna gegn ofbeldi.